

Fundur í Skólaráði 4.12.2009

Mætt: Fulltrúi nemanda Ívar Þór Elíasson, fulltrúi foreldra; Sveinn Rúnar Jónsson og Lóa Björk Óskarsdóttir, fulltrúi starfsmanna Ingibjörg Ársælsdóttir, fulltrúi kennar; Hildur Bjargmundsdóttir og Íris Grétarsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélagsins Björn Ingi Bjarnason og Arndís Harpa Einarsdóttir skólastjóri.

Harpa setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Lesin fundargerð síðasta fundar.
2. Farið yfir hvað gerst hefur varðandi húsnæðismál síðan á síðasta fundi. Fundað var með foreldrum um tillögur varðandi nýtingu á nýja skólanum. Ný tillaga kom fram um að krakkanir í 5.bekk klári líka 6.bekk á Stokkseyri en fari svo í 7.bekk á Eyrarbakka. Nokkrir foreldrar eru hræddir um að ef að 6. og 7.bekkur flyst yfir á Stokkseyri þá myndi byggingu nýs skóla á Eyrarbakka seinka. Skólaráð er hlynnt því að 6.bekkur vaxi upp á Stokkseyri en að það sé skýrt að þetta sé bráðabirgðaráráðstöfun og gert til að bæta aðbúnað barnanna vegna mikilla þrengsla í skólanum á Eyrarbakka. Ekki er hægt að nota börnin sem pólitískt handbendi til að þvinga fram skólabyggingu á Eyrarbakka.
3. Til stendur að hafa litlu jólin í nýja skólanum á Stokkseyri. Mikil tilhlökkun að fá matsal og bókasafn undir sama þak og skólinn.
4. Heimsókn frá málþingi um Alþýðufræðslu á Íslandi gekk mjög vel.
5. Áfram var fjallað um mótuneytismál skólans og fram kom ósk frá fulltrúa foreldra um lausn á mótuneytismálum og fyrirspurn um hver á að koma ábendingum/óskum varðandi mótuneytið og við hvern. Ábending kom fram um að það þyrfti að vera hægt að kaupa mismunandi margar máltíðir eftir vikum.
6. Harpa las upp bréf sem hún sendi til bæjarritara vegna snjómoksturs í bænum og sérstaklega við biðskýli. Í svari bæjarritara kom fram að farið sé eftir áætlun um forgang sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins og að allur mokstur fyrir skólann sé á kostnað hans. Það hefur skapast hættuástand fyrir börnin vegna snjómokstra við biðskýli. Krakkanir þurfa að standa út á götu í alls kyns veðrum og lélegu skyggni. Skólaráð skorar á bæjaryfirvöld að koma upp biðskýli fyrir börnin til að tryggja öryggi þeirra og hreinsa snjó frá biðstöðum. Skólaráð mun kynna sér lög og reglugerðir varðandi snjómokstur.
7. Önnur mál. Fulltrúar foreldra vildu koma á framfæri hrósi til skólastjórnar fyrir samvinnuvilja í kringum hugmyndir um nýtingu nýs skólahúss fyrir miðstig.
8. Önnur mál. Nýting á gamla skólahúsinu. Skólavistun fer í gamla húsið. Stjörnusteinar verður lokað. Umræður urðu um nokkurs konar félagsmiðstöð. Foreldrar óska eftir því að fá að nýta Stjörnusteina fyrir foreldra og börnm til prufu fram á vor. Foreldrafélagið myndi halda utan um starfsemina. Í gamla skólanum verður áfram handavinna, heimilisfræði og skólavistun. Velvilji er fyrir því að foreldrar fái eitt herbergi til umráða fyrir félagsstarf.
9. Önnur mál. Harpa talaði um niðurskurð og að hún sé búin að skerða starfshlutfall hjá stuðningsfulltrúum og segja upp ræstingu á Stokkseyri.
10. Önnur mál. Sveinn talaði um að nú væru kennarar að fara í fæðingarorlof og vildi fá að vita um verklagsreglur, hvenær á að auglýsa eftir kennara. Harpa sagði að auglýst verður eftir áramótin.

Fleira ekki gert og fundi slitið um kl. 15.

Hildur Bjargmundsdóttir